



Safnaðarblað Akureyrarkirkju



Kór Akureyrarkirkju er hér að syngja árlega Jólasöngva í Akureyrarkirkju. Næsta stórverkefni kórsins verður Missa Dei Patris í Hofi 28. apríl nk.

Stórtónleikar í Hofi 28. apríl

Sunnudaginn 28. apríl kl. 16.00 verða sannkallaðir stórtónleikar í Menningarhúsinu Hofi þegar þar sameina krafta sína Kór Akureyrarkirkju, Símfóníuhljómsveit Norðurlands, Barokksmiðja Hólastiftis og einsöngvararnir Hulda Björk Garðarsdóttur, sópran, Alina Dubik, mezzosópran, Snorri Wium, tenór og Ágúst Ólafsson, bassi, í flutningi á Missa Dei Patris eftir tékkneska tónskáldið Jan Dismas Zelenka (1679-1745). Stjórnandi tónleikanna verður Eyþór Ingi Jónsson, kórstjóri og organisti við Akureyrarkirkju. Konsertmeistari hljómsveitarinnar verður Lára Sóley Jóhannsdóttir, fíðluleikari.

Eyþór Ingi Jónsson segir Missa Dei Patris eftir barokktónskáldið Zelenka á margan hátt óvenjulegt, sérstaklega í samanburði við verk samtímamannsins J.S. Bach. „Í verkinu eru hressileg tékknesk þjóðlagahrif, gamansemi og hraði ásamt áhrifum frá þýska barokkskólanum. Verkið er mjög krefjandi fyrir kór og hljómsveit vegna mikils hraða, sem er einmitt aðaleinkenni þess. Verkið er



Eyþór Ingi Jónsson stjórnar flutningnum á Missa Dei Patris.

engu að síður afar aðgengilegt í hlustun,“ segir Eyþór Ingi.

Lúðvík Áskelsson, formaður Kórs Akureyrarkirkju, segir það mikið tilhlökkunarefni fyrir kórfélagi að taka þátt í flutningi á Missa Dei Patris. „Kórinn hefur í gegnum tíðina tekið þátt í mörgum stórum verkefnum, einn eða í samstarfi við aðra kóra, en þessir tónleikar verða tvímælaust með því allra stærsta sem við Kór Akureyrarkirkju hefur tekist á við. Kórhlutinn í verkinu er stór og því reynir þetta mikið á kórinn. Þetta er bráðskemmtileg barokktónlist þar sem léttleikinn og gáskinn er ríkjandi. Ég er þess fullviss að þetta verður ósvikin skemmtun fyrir bæði tónleikagesti og okkur sem verðum á sviðinu í Hofi – kór, hljómsveit og einsöngvara,“ segir Lúðvík Áskelsson.

Allar nánari upplýsingar um tónleikana er að finna á heimasíðu Hofis – www.menningarhus.is. Miðsalan er í fullum gangi. Almennt verð er kr. 4.900, en miðar fást á forsöluverði á kr. 3.900 til 12. apríl nk. Miðar fyrir 18 ára og yngri kosta kr. 2.500.

SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU

Vinasöfnuður Akureyrar- kirkju – Kapkoris í Kenýa

Kapkoris er nafn á söfnuði í Kenýa í Afríku sem Akureyrarkirkja á í vin-áttutengslum við.

Við hófum á vordögum 2012 söfnun fyrir þaki á kirkju safnaðarins og var efnt til samskota í sunnudagsmessum og verkefnið kynnt fyrir sóknarbörnum Akureyrar-kirkju. Það er skemmst frá því að segja að nú hefur tekist að safna fyrir þaki kirkjunnar í Kapkoris og búið að senda peningana út til Kenýu í gegnum Kristni-boðssambandið.

Það er magnað að verða vitni að gjafmildi og samhug þeirra sem lögðu

fé í verkefnið og það er augljóst að margt smátt gerir sannarlega eitt stórt og þökkum við þeim sem lögðu sitt af mörkum til að gera þetta að veruleika.

Katrín Ásgrímsdóttir á einnig miklar þakkir skildar en hún hefur verið drifkrafturinn í þessu verkefni og látið sig það miklu varða. Við stefnum svo að því að birta myndir af nýju þaki kirkjunnar í Kapkoris þegar þær berast. Þetta verkefni er hefur sannarlega verið góð viðbót við safnaðarlífið í Akureyrarkirkju, söfnuðinum öllum til heilla og blessunar.



Kirkjan í Kapkoris í Kenýa.

Helgihald á FSA

Helgihald á FSA um páska 2013 verður sem hér segir:

Á páskadag verða helgistundir á Lyfjateild og Skurðeild, sú fyrri kl. 16:00 og sú síðari í beinu framhaldi (um 16:20).

Séra Guðrún Eggertsdóttir þjónar.

Organisti: Valmar Völjaoets.

Söngur: félagar úr kór Glerárkirkju.

Allir hjartanlega velkomnir og ánægjulegt væri ef aðstandendur sæju sér fært að tímasetja heimsóknir sínar þannig að þeir gætu notið helgihaldsins með okkur.

Alla miðvikudaga eru fyrirbæna-
stundir í kapelli FSA kl. 11:15.

Fyrirbænaefnum má koma til prests eða skrá í fyrirbænaabók í kapelli.

Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar

Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar verður haldinn í Safnaðarheimili Akureyrar-kirkju sunnudaginn 14. apríl, um kl. 12:00 að lokinni messu í kirkjunni.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstöf.

2. Kosningar.

Sóknarbörn eru hvött til að mæta.

Sóknarnefnd Akureyrarsóknar.



Paramessa 7. apríl kl. 20:00

Paramessa verður haldin sunnudagskvöldið 7. apríl nk kl 20:00. Að þessu sinni munu tónlistarhjónin Margrét Árnadóttir og Ívar Helgason leika hugljúf lög. Hjónin Karl Frímansson og Bryndís Björg Þórhallsdóttir segja okkur frá þeirra leiðum til að rækta hamingjuna. Fanney Jónsdóttir bráðum útskrifaður fjölskylduráðgjafi segir frá hlutverki fjölskylduráðgjafa, og undirrituð ætlar svo að vinna mark-

visst að því að láta fólk skæla með ör-hugleiðingu ættaða úr myndinni fjögur brúðkaup og jarðarför.

Messunni lýkur þannig að fólk gengur til altaris og þiggur blessun og getur þá um leið endurnýjað heit sín í hljóði frammi fyrir Guði og mönnum.

Takið kvöldið frá, ung og gömul, gift og ógift, samkynhneigð, gagnkynhneigð og tvíkynhneigð.

Hildur Eir.

Páskar í Akureyrar- kirkju 2013

Já, páskar eru vor og vor er líf. Vorið þýðir bara eitt að dimmum vetri er að ljúka og lífið hefur yfirhöndina, allt umhverfið iðar brátt af upprisu, sólin bræðir snjóskafana og dansar kringum mannfólkið. Hann er upprisinn segir sólin, hann er upprisinn úar æðarfuglinn, hann er upprisinn hrópar niður árinna um leið og hún losar klakaböndin. Hann er upprisinn hvíslar jarðvegurinn, tilbúinn að næra jurtina. Hann er upprisinn kallar vorið á meðan þú nuddaðir stýrurnar og reiknar út líkurnar. Við fögnum frelsinu hér í Akureyrar-kirkju með eftirfarandi dagskrá:

Föstudagurinn langi: Kyrrðarstund við krossinn kl 21:00. Máttug stund þar sem við minnumst fórnarinnar og máttum eigið líf við Jesú, píslarsagan er lesin í bland við fagra tóna en stundinni lýkur með því að kirkjugestir ganga hljóðir út í nóttina eða inn í Getsemanegarð hugans. Prestur séra Svavar Alfreð Jónsson.

Páskadagur upprisuhátíð: Hátíðarguðsþjónusta kl 8:00, einhver dásamlegasta messa ársins. Á eftir býður kvenfélagið til morgunverðar í Safn-

aðarheimilinu og þar er mönnum frjálst að stíga á stökk, segja skemmtisögur og brandara eða eitthvað annað sem hressir andann á hinum árlega Páskahlátri. Prestur séra Hildur Eir Bolladóttir.

Kl. 11:00: Fjölskylduguðsþjónusta í umsjá séra Sunnu Dóru Möller, Hjalta Jónssonar, Sigrúnar Mögnu Þórsteinsdóttur og Sigríðar Huldu Arnadóttur.

Barnakórar kirkjunnar syngja af snilld.

Kl. 14:00: Guðsþjónusta í Lögmannshlíð. Prestur er séra Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrar-kirkju syngja. Organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

Kl. 15:30: Guðsþjónusta á Hlíð. Prestur er séra Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrar-kirkju syngja. Organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

Annar dagur páska: Hátíðarguðsþjónusta í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00. Prestur er séra Svavar Alfreð Jónsson. Félagar úr Kór Akureyrar-kirkju syngja. Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Akureyrar-kirkja Óskum eftir að ráða kirkjuvörð/húsvörð við Akureyrar-kirkju

Um er að ræða sumarafleysingarstarf í vaktavinnu á móti núverandi kirkjuvörðum.

Nánari upplýsingar í síma 462 7700 milli kl. 9:00 og 13:00.

Umsóknir sendist til Akureyrar-kirkju, pósthólf 442, 602 Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2013.

Sóknarnefnd Akureyrar-kirkju.

SAFNAÐARBLAÐ AKUREYRARKIRKJU



Kríasálmanámskeið

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organisti heldur reglulega kríasálmanámskeið. Þessi námskeið eru einstaklega skemmtileg og gefandi. Ljósmyndari Listvinafélags Akureyrarkirkju smelli nokkrum myndum af börnum og foreldrum þeirra sem greinilega nutu námskeiðsins. Næsta námskeið verður í september. Skráning og nánari upplýsingar hjá Sigrúnu Mögnu, netfangið sigrun@akirkja.is.

Fermingarbörn í Akureyrarkirkju 28. mars, 6. og 7. apríl 2013

Skírdag, 28. mars, kl. 13:00.

Prestur Hildur Eir Bolladóttir.

Harpa Björk Ólafsdóttir, Þýskaland.
Signý Rós Ólafsdóttir, Brekatúni 11,
600 Akureyri.

Laugardaginn 6. apríl kl. 10:30.

**Prestar Svavar Alfred Jónsson og
Hildur Eir Bolladóttir.**

Aron Dagur Birnison, Heiðarlundi 3e,
600 Akureyri.
Birkir Már Hauksson, Eyrarvegi 6,
600 Akureyri.

Brynjar Ingi Bjarnason, Espilundi 5,
600 Akureyri.

Emilía Rós Ómarsdóttir, Baugatúni 2,
600 Akureyri.

Gaukur Karlsson, Þórunnarstræti 83,
600 Akureyri.

Jón Óskar Sigurðsson, Sólvöllum 1,
600 Akureyri.

Margrét Árnadóttir, Heiðarlundi 4i,
600 Akureyri.

Patrekur Arnar Guðjónsson, Sokkatúni 1,
600 Akureyri.

Sædis Marinósdóttir, Hólsgærði 6, 600 Akureyri.

Vilborg Inda Steinþórsdóttir, Grenivöllum 14-301,
600 Akureyri.

Þórarinn Kristján Ragnarsson, Lerkilundi 34,
600 Akureyri.

Sunnudaginn 7. apríl kl. 10:30.

**Prestar Svavar Alfred Jónsson og
Hildur Eir Bolladóttir.**

Aþena Eiðsdóttir, Espilundi 8, 600 Akureyri.
Ásmundur Smári Ragnarsson, Spónsgærði 2,
600 Akureyri.

Bjarni Fannar Sigurjónsson, Norðurgötu 45,
600 Akureyri.

Diljá Dögg Trampe, Hlíðarlundi 2-106,
600 Akureyri.

Gestur Björnsson, Áshlíð 2, 603 Akureyri.
Héðinn Ingimundarson, Heiðarlundi 4e,
600 Akureyri.

Lovísa Gréta Leifsdóttir, Byggðavegi 89,
600 Akureyri.

Mikael Guðjón Jóhannsson, Kjarnagötu 38-202,
600 Akureyri.

Páll Andres Alfredsson, Spónsgærði 1,
600 Akureyri.

Pétur Porri Ólafsson, Espilundi 6, 600 Akureyri.

Starfið í Akureyrarkirkju

Mars

Föstudagurinn langi, 29. mars

Kyrrðarstund við krossinn í
Akureyrarkirkju kl. 21:00.

Þáskadagur 31. mars

Upprisubátíð í Akureyrarkirkju, bátíðar-
messa kl. 8:00.

Þáskablátur í Safnaðarheimilinu
eftir messu.

Fjölskyldugudögnspjónusta kl. 11:00.

Guðspjónusta í Lögmannsblið kl. 14:00.

Guðspjónusta á Hlíð kl. 15:30.

Apríl

Annar í páskum, 1. apríl

Hátíðarmessa í Minjasafnskirkju kl. 17:00.

Föstudagur 5. apríl

Æfing fermingarbarna í Safnaðarheimilinu
kl. 16:00 (Pau sem fermast 6. apríl)

Æfing fermingarbarna í Safnaðarheimilinu
kl. 17:00 (Pau sem fermast 7. apríl)

Laugardagur 6. apríl

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Sunnudagur 7. apríl

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Sunnudagskóli í kapellu kl. 11:00.

Sunnudagur 14. apríl

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Sunnudagskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Paramessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Fastir liðir

Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag
hvers mánaðar.

Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapellu kl. 9:00.

Æfing eldri barnakórsins í kapellu

kl. 15:00-16:00.

Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 10:00-12:00.

Kirkjukrakkar í Safnaðarheimilinu
kl. 15:00-16:00.

TTT í Safnaðarheimilinu kl. 17:00-18:00.

ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

12 spora starf í kapellu kl. 20:00-21:00.

Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbenastund kl. 12:00.

Léttur hádegisverður í
Safnaðarheimilinu eftir stundina.

Æfing yngri barnakórsins í kapellu
kl. 14:00-15:00.

Æfing Stúlkakórsins í kapellu
kl. 17:00-18:00.

Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Ábyrgðarmenn: Gyða Sigþórsdóttir og Svavar Alfred Jónsson.